



Segðu mér sögu

Hópleikur

Markmið

Að nemendur noti jákvæð orð í frásögn sinni.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Engin.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Þemað í þessum leik er að vera jákvæður. Nemendur ætla að búa til sögu saman. Nemendahópurinn sest í hring. Sá sem byrjar segir fyrstu setninguna í sögunni. Sá sem er næstur heldur áfram með hana og svo koll af kolli. Nemendur fá nokkuð frjálssar hendur fyrir utan það að setningarnar eiga að vera jákvæðar.

Aðrar útfærslur

Það er einnig hægt að útfæra þennan leik með öðru þema. Það væri sniðugt að nota hann sem kveikju þegar unnið er með ákveðið verkefni, t.d. vináttu. Þá ætti hver setning að snúast um vináttu.

Það væri líka sniðugt að taka söguna upp og skrifa hana svo niður. Það væri þá möguleiki að halda áfram með hana síðar.